

athugasemd við skuldaskrána og frumvarpið til útlutunargjörðarinnar, samanborinni við skuldlýsingu áfrýjanda í protabúið, felist krafa um að fá útlagða sem forgangsskuld þær 2247 kr. 55 a. af kröfu áfrýjanda, er skiftaráðandi hafði skipað sæti meðal skulda án forgöngurjettar, en þar sem skiftaráðandi hefir eigi kveðið upp úrskurð um kröfu þessa eða að því er sjeð verður á annan hátt tekið hana til athugunar, verður samkvæmt kröfu áfrýjanda að fella hina áfrýjuðu skiftagjörð úr gildi og leggja fyrir skiftaráðanda að taka búið til nýrrar og löglegri meðferðar frá 26. okt. 1925.

Eftir atvikum málsins þykir rjett að málskostnaður fyrir hæstarjetti falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Skiftameðferðin á protabúi O. J. Havsteen eftir 26. okt. 1925 á ómerk að vera, og ber skiftaráðanda Reykjavíkur að taka búið til skifta af nýju frá þessum degi að telja.

Málskostnaður í hæstarjetti fellur niður.

Mánudaginn 20. sept. 1926.

Nr. 45/1926.

Sveinn Björnsson f. h.
Trueba y Pardo (Sjálfur)
 gegn

h/f. Ísólfur (Enginn).

Útaf synjun gjaldprotaskifta.

Úrskurður skiftarjettar Reykjavíkur 6. maí 1926: Beiðni hæstarjettarmálaflutningsmanns Sveins Björnssonar

um að bú hlutafjelagsins Ísólfs verði tekið til gjaldprotaskifta skal ekki tekin til greina.

Dómur hæstarjettar.

Stefndi h/f. Ísólfur hefir ekki látið mæta í máli þessu enda þótt stjórn hlutafjelagsins hafi verið löglega stefnt. Hefir málið því verið rekið skriflega og er dæmt samkvæmt N. L. 1--4--32. og tilsk. 3 júní 1796, 2. gr.

Með dómi gestarjettar Reykjavíkur uppkveðnum 13. mars þ. á. var hlutafjlagið Ísólfur dæmt til þess að greiða áfrýjanda Sveini Björnssyni f. h. firmans Trueba y Pardo £ 6000 - 0 - 0 í skaðabætur auk 6% vaxta frá 12. jan. þ. á. og 4132 kr. í málskostnað. Við fjárnám það, er áfrýjandi ljet fara fram hjá hlutafjlaginu 7. apríl þ. á. til fullnægingar dómi þessum, kom það í ljós, að hlutafjlagið átti ekki fyrir skuldum og gat það ekki vísað á aðra muni til þess að gera fjárnám í en útistandandi skuldir, er töldust við síðastl. nýjár kr. 59351.12, eða ekki nærri helmingur af dómkröfu áfrýjanda. Tveim dögum síðar eða 9. s. m. krafðist áfrýjandi að bú stefnda væri tekið til gjaldprotameðferðar. Stefndi mótmælti þessari kröfu af þeirri ástæðu, að hann hefði áfrýjað til hæstarjettar bæði umræddum dómi og eftirfarandi fjárnámsgjörð. Tók skiftarjetturinn þessi mótmæli til greina, og neitaði með hinum áfrýjaða úrskurði uppkveðnum 6. maí þ. á. að taka bú stefnda til gjaldprotaskifta.

Á þetta verður ekki fallist. Þar eð það er sannað, að stefndi átti ekki fyrir skuldum, og þar eð áfrýjandi fjekk ekki fullnægjandi fjárnám fyrir dómkröfu sinni þá átti hann samkv. 3. gr. gjaldprotaskiftalaganna heimtingu á því, að bú hlutafjelagsins

yrði tekið til gjaldprotaskifta, og hefir það í þessu efni eigi þýðingu að hlutafjelagið hefir áfrýjað áminst-um dómi og fjárnámsgjörð.

Samkvæmt þessu verður að fella hinn áfrýjaða skiftarjettarúrskurð úr gildi og leggja fyrir skiftaráðanda að taka bú hlutafjeldagsins til gjaldprotaskifta. Eftir þessum úrslitum verður að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti, og þykir hann hæfilega ákveðinn 200 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði skiftarjettarúrskurður er úr gildi feldur og ber hinum setta skiftaráðanda að taka bú hlutafjeldagsins Ísólfur til gjaldprotaskifta.

Stefndi, h/f. Ísólfur, greiði áfrýjanda Sveini Björnssyni f. h. firmans Trueba y Pardo 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðfór að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Í brjefi dags. 9. f. m. til bæjarf. getans í Reykjavík hefir Sveinn Björnsson, hæstarjettarmálaflutningsmaður beiðst þess fyrir hönd firmans Trueba y Pardo í Bilbao, að bú hlutafjeldagsins Ísólfur verði tekið til gjaldprotaskifta. Styður hann þá kröfu sína við fjárnám, er fram fór hjá hlutafjeldaginu 7. f. m. samkvæmt dómi uppkveðnum í gestarjetti Reykjavíkur 13. mars þ. á. í málinu: Sveinn Björnsson f. h. firmans Trueba y Pardo gegn h/f. Ísólfur, en í þeim dómi var hið stefnda hlutafjeldag dæmt í £ 6000-0-0 í skaðabætur auk málskostnaðar. Reyndist fjárnám þetta að mestu árangurslaust og það sannaðist við fjárnámið að hlutafjeldagið á hvergi nærri fyrir skuldum. Fjárnám var þó gert í útistandandi skuldum hlutafjeldagsins að upphæð kr. 59 351.12 er fram fór án virðingar.

Eftir að setuskiftaráðandi hafði verið skipaður 21. f. m. til þess að fara með gjaldprotamál þetta, kvaddi hann gjörðarþola

ásamt gjörðarbeiðanda til fundar 24. s. m. Ítrekaði gjörðarbeiðandi þar kröfu sína um gjaldþrotaskiftin og krafðist úrskurðar. Hinsvegar mótmælti umboðsmaður gjörðarpóla að krafa gjörðarbeiðanda yrði tekin til greina og bygði þau mótmæli sín á því að umræddum gestarjettardómi frá 13. mars þ. á. ásamt fjárnámi því, er fram fór samkvæmt honum hjá gjörðarpóla 7. f. m., hefði verið áfrýjað til hestarjettar samkvæmt áfrýjunarstefnu er hann sýndi í rjettinum. Til vara krafðist umboðsmaður gjörðarpóla að gjaldþrotakrafan yrði ekki tekin til greina nema gjörðarbeiðandi setti nægilega tryggingu, en gjörðarbeiðandi mótmælti því og neitaði að honum yrði gert að setja frekari tryggingu, en hann hefði þegar gert, sem var 100 kr.

Það er nú nægilega upplýst að hlutafjelagið á ekki fyrir skuldum, en hinsvegar er á það að líta, hvort umrædd dómkrafa er þannig vaxin að telja megí að henni verði ekki hrundið. Í hinum áfrýjaða dómi kemur það ekki til álita á hve miklum rökum dómkröfur stefnanda, og þar á meðal skaðabótakrafan, voru bygðar, þar sem málið var dæmt mótmælalaust af hálfu stefnanda, sem ljét mæta í málinu, að því er efnishlið þess snertir. Verður þá heldur ekki um það sagt að svo stöddu, hverjar varnir stefnandi kann að hafa fram að færa í málinu og hver niðurstaða kann að verða fyrir hestarjetti eftir að efnishlið þess hefir verið rædd fyrir rjettinum.

Rjetturinn verður því að líta svo á að dómkrafa sú, sem gjaldþrotabeidnin byggist á sje ekki nægilega ótvíræð til þess að rjett sje að svo stöddu að taka beiðni gjörðarbeiðanda um að bú h/f. Ísólfis verði tekið til gjaldþrotaskifta til greina, og þá því síður sem gjörðarbeiðandi hefir fengið tryggingu í öllum útistandandi skuldum gjörðarpóla.

Miðvikudaginn 22. sept. 1926.

Nr. 64/1926

Valdstjórnin (Pjetur Magnússon)
gegn

Heinrich Lüers (L. Fjeldsted).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 19. apríl 1926: Kærði Heinrich Lüers á strax að greiða sekt að upphæð